




Háteigur



15. árgangur 9. tbl.

31. október 2011

Til hamingju, 10. bekkingar!

<http://hateigsskoli.is>

Frá skólastjóra

Ágætu lesendur

Nú erum við nokkurn veginn á miðju misseri og því ekki úr vegi að líta á stöðuna eins og hún liggur fyrir. Mig langar að greina frá því sem við höfum ekki áður séð í Háteigsskóla. Hver einasti nemandi í 10. bekk er með einkunnina 9 og yfir í ástundun. Eins og ég hef greint frá þá er ástundunarkerfið okkar strangt, þannig að það felur ekki bara mætingar í sér heldur einnig hvort nemendur sinna námi í tímum og hvort þeir eru að undirbúa sig heima. Til hamingju, 10. bekkingar, þið eru hvorki meira né minna en einstök því að svona ástundun höfum við ekki áður séð í Háteigsskóla þó að margir bekkir hafi staðið sig frábærlega í gegnum árin. Ástundun skilar sér í árangri því að niðurstaða samræmdra könnunarprófa í 10. bekk er þannig að meðaleinkunn skólans í samræmdu fögunum þremur er næstum einum heilum hærrí en landsmeðaltal.

Það er gleðilegt að 9. bekkingar standa 10. bekkingum ekki langt að baki í ástundun því að þar eru 74,4% nemenda með einkunnina 9 og yfir. Frábær árangur. 8. bekkingar fara vel af stað því að 60% þeirra eru með 9 og yfir í ástundunareinkunn. Hingað til höfum við verið mjög stolt af slíkum árangri og erum. Það eru bara núverandi 9. og 10. bekkingar sem eru að búa til nýja mælikvarða. Það eru gleðitíðindi að sjá svart á hvítu hvað unglíngarnir okkar eru metnaðarfullir og ábyrgir einstaklingar. Ég óska öllum til hamingju.

Fótboltamótið 19. október var öllum sem þátt tóku til mikillar ánægju. Keppnissskap og íþróttamannsleg framkoma einkenndi hvern einasta leik. Enginn hallmælti neinum sem er merkilegt þegar hugsað er til þess að hvert lið var sett saman með slembiúrtaki, þannig að ekki voru allir jafn fótáfirir. Upplýsingar um sigurvegara er að finna á öðrum stað í fréttabréfinu.

Skólafarfið hefur gengið vel þetta haustið. Nokkrar mannbreytingar hafa verið í hópi skólaliða vegna veikinda. Nú stöndum við vel að vígi og nálega allar stöður mannaðar. Enn um sinn stýrir Klara eldhúsinu, eða þar til að Kolbrún mætir aftur til starfa. Árlegt umbóta-

hópastarfi er að komast á skrið og mun ég greina nánar frá því síðar en þar er ýmislegt spennandi að gerast.

Nú fer myrkrið að taka völdin þannig að nú lýsum við upp og tökumst á við svartasta skammdegið eftir vetrarfrí sem ég vona að sem flestum hafi tekist að nýta sér til endurnæringar.

Með kveðju,

Ásgeir Beinteinsson, skólastjóri Háteigsskóla.

Fréttir frá foreldrafélagi Háteigsskóla

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldinn 11. október sl. Auk aðalfundarstarfa flutti Guðmundur Kristmundsson, dósent í HÍ, afar fróðlegt erindi varðandi lestrarnám og ritun og þá hvatningu og fyrirmynd sem heimilin geta veitt, auk dæma um gott lestraruppeldi.

Nýja stjórn foreldrafélagsins skipa:

Eydís Njarðardóttir, formaður,

Margrét Halldórsdóttir, varaformaður,

Grettir Einarsson, gjaldkeri,

Kjartan Valgarðsson, ritari og

Steinunn Gestsdóttir, meðstjórnandi.

Varamenn eru Nína Helgadóttir og Marta Hlín Magnadóttir.

Haustið

Ég mætti haustinu í fyrradag,

það var í hlýrri peysu

og með víftu aftan á bakinu

sem feykta lafunum af trjánum.

Íðunn Gígja Kristjánsdóttir, 6. bekk

Hvað ef

Í október fóru nemendur og kennarar eldri deildar Háteigsskóla að sjá leikritið HVAD EF á sviði Kassans í Þjóðleikhúsinu. Í verkinu er á skemmtilegan og uppbyggjandi hátt settar fram upplýsingar um hættur fíkniefna og afleiðingar af notkun þeirra. Auk þess er fjallað um ýmsa fylgífiska fíknar eins og einelti, sjálfsmorð, ótímabærar þunganir og þunglyndi. Nemendur voru ánægðir með leikritið og þótti það bæði fræðandi og fyndið í senn þrátt fyrir alvarlegt umræðuefni. Eftir að sýningu lauk fengu nemendur að spyrja leikarana alls konar spurninga.

Unnur Freyja Víðisdóttir, 10. bekk

Sagan af Gýpu

Miðvikudagsmorguninn 26. október fékk 2. bekkur foreldra sína í heimsókn í fyrsta tíma. Tilefni heimsóknarinnar var uppskeruhátíð í lok leiklistarnámskeiðs sem þau höfðu verið á síðustu vikunna. Krakkarnir höfðu verið duglegir að æfa sig og voru spenntir að sýna foreldrum sínum leikritið um Gýpu sem gleypiti allt sem á vegi hennar varð. Börnin höfðu öll valið sér hlutverk og léku þau með sóma. Krakkarnir fengu aðstoð hjá 6. bekk við að fóta sig baksviðs, enda ekki lítið mál að stíga sín fyrstu skref á sviði skólans. Sýningunni var vel tekið og nú taka krakkarnir sér hvíld frá leiklistinni þangað til eftir áramót.

Kolbrún Björnsdóttir, leiklistarkennari

Draugur í fjalli

Einu sinni var maður sem hét Jón og var hann alltaf að tína ber uppi í fjalli. Einn daginn var hann uppi í fjalli og kom þá þoka og í þokunni heyrðist: „Hættu að tína í fjallinu mínu, annars læt ég fara illa fyrir þér í framtíðinni.“ Maðurinn var svo hræddur að hann hljóp heim. Næsta dag fór maðurinn upp í fjall að tína ber, því hann hélt að þetta sem gerðist í gær væri bara draumur, en þegar hann var að fara heim kom aftur þokan og aftur heyrðist í röddinni sem sagði: „Ef þú heldur þessu áfram, færðu á baukinn.“ Við þessi orð fór maðurinn heim og sagði öllum í bænum að tína ekki ber uppi í fjalli, „því annars fer illa fyrir ykkur“. Það fór enginn framur upp í fjall að tína ber og ekkert heyrðist í röddinni framur og allt gekk öllum í hag.


Elmar Einarsson, 6. bekk

Barnakór Háteigsskóla

Barnakór Háteigsskóla hefur farið af stað með góðum æfingum og fullt af syngjandi glöðum börnum.

Fyrsta verkefni kórsins utan skólans er að syngja á jólatónleikum í Hallgrímskirkju 8. desember næstkomandi, en þar koma fram auk barnakórsins ýmsir aðrir listamenn, eins og Kammerkór Reykjavíkur, kvennakór, poppkór, söngtrío, Ástþór Óðins rappari og Magnús Eiríksson. Tónleikarnir verða með hátíðlegu yfirbragði í anda jólanna og ágóði rennur til Fjölskylduhjálpar Íslands og Rauða krossins.

Elín Halldórsdóttir, tónmenntakennari



Í fossinum

Einu sinni var prinsessa sem var að leika sér úti. Hún á foss og datt niður í fossinn. Svo kom prins á hesti sem stökk yfir fossinn og prinsinn bjargaði prinsessunni með því að toga hana upp úr fossinum.

Johanna Haile Kebede,
2. bekk

Fallega klippiprykkið af fossi hér fyrir ofan gerði
Viktória H. Phang Mánadóttir í 6. bekk

Spori

Einu sinni var strákur sem hét Einar. Hann var hjá ömmu Gullu og afa Steinari. Það var líka hundur sem hét Spori. Spori var varðhundur sem leið illa. En Einar varð veikur og hundurinn Spori vissi það og var hjá honum á meðan hann var veikur.

Einar Már Másson, 6. bekk

Mystik

9. bekkur í Háteigsskóla hefur verið að vinna með þemað Mystik í dönsku sem er samheiti yfir dularfull fyrirbæri. Unnið var m.a í námsbókinni Tænk og horft á myndina Midsommer sem er dönsk unglíngamynd. Bekknum var skipt upp í nokkra hópa og hver hópur býr til sína eigin stuttmynd. Hóparnir samstanda af 5 - 9 nemendum. Markmið verkefnisins er að vinna áfram með þemað Mystik á skapandi og skemmtilegan hátt þar sem mikilvægt er að nemendur noti dönskuna sem mest. Einnig er lögð mikil áhersla á að efla samvinnu nemenda og þjálfna þá sem best að vinna saman að sameiginlegu verkefni. Að lokum verður stuttmyndasýning þar sem afraksturinn verður metinn með jafningja-, sjálfs-, og kennaramati. Nemendur eru í óða önn að taka upp atriði, vinna myndirnar í tölvum og það er óhætt að segja að þeir hafa staðið sig mjög vel það sem af er og eiga hrós skilið fyrir góða samvinnu sín á milli og metnað.

Erla Súsanna Þórisdóttir, kennari

Jón og drekinn

Einu sinni var tröll sem hét Jón. Jón bjó í Tröllaborg með mömmu sinni, Stínu, og pabba sínum, Kalla. Pabbi Jóns, hann Kalli, vann við að veiða dreka. Hann vildi að Jón myndi byrja að vinna með honum, en Jón vildi ekki veiða dreka, hann var gott tröll og vildi ekki meidda neinn. Eitt kvöldið var Jón að labba í skóginum. Allt í einu sá hann dreka liggjandi á jörðinni. Hann sá að hann hafði nýlega verið skotinn. Hann tók drekanum upp og fór með hann heim. Pabbi Jóns var ekki heima, svo hann hljóp með drekanum inn í herbergi. Hann batt fyrir sárið og gaf drekanum að drekka og borða. Pabbi Jóns kom nú heim, hann bankaði á dyrnar hjá Jóni og sagði, „matur“. Við matarborðið sagði Jón þeim alla söguna og pabbi Jóns hætti að veiða dreka og Jón tók drekanum að sér og þau lifðu hamingjusöm upp frá því.

Vala Magnúsdóttir, 6. bekk

Fótboltamót Háteigsskóla

Miðvikudaginn 19. október var haldið fótboltamót í boltagerðinu okkar. Í fyrrihaust var samskonar mót haldið í tilefni af vígslu þessa nýja vallar. Keppt var í þremur riðlum sem eru yngsta stig, miðstig og unglíngastig. 64 nemendur kepptu í 2. til 4. bekk, 81 nemandi kepptu á miðstigi og 45 nemendur kepptu á unglíngastigi. Þeir sem óskuðu eftir að taka þátt voru settir í pott og síðan var dregið út í lið innan hvers stigs. Voru það alls 29 lið sem tóku þátt.

Sigurveggarar á unglíngastigi voru Bjarki, Evlalía, Máni, Pétur, Selma, Sigurlaug og Tómas;

á miðstigi unnu þau Hekla, Ingvar, Jón Freyr, Jósef, Kjartan, Róbert Orri og Þórhildur;

og á yngsta stigi sigruðu þau Anna Hedda, Arnaldur, Jóhannes Liljan, Ólöf, Tómas Arnar og Úrsúla.

Mótið fór einstaklega vel fram og eiga íþróttanefnd skólans, íþróttakennarar og reyndar allir sem komu nálægt mótinu hrós skilið.

⌘ Spakmæli mánaðarins: ⌘
Hvert og eitt okkar hefur einstakt hlutverk
í því mikilvæga verkefni
að gera heiminn að betri íverustað.